

# 11. Hvar standið þið?

Kjósið með færinum!

Málefni	Almenn mannréttindi, þátttaka
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	8–13 ára
Tími	30–40 mínútur
Hópstærð	6–12 börn
Tegund verkefnis	Umræður og leikir
Yfirlit	Börnin taka sér stöðu í stofunni og gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja þær
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að auka skilning á því hvað felst í þátttöku</li> <li>• Að þjálfa hæfileikann til að hlusta</li> <li>• Að þjálfa hæfileikann til að taka þátt í umræðum og rökræða</li> </ul>
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skiptu stofunni í tvennt og settu upp skilti sem á stendur SAMMÁLA og ÓSAMMÁLA í hvorum enda</li> <li>• Skrifaðu umræðuefni á flettistöflu, eitt á hverja síðu, og settu síðurnar á línuna í miðri stofunni</li> </ul>
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Flettitafla og pennar</li> <li>• Bandspotti eða krít</li> <li>• Pappír og merkipennar</li> </ul>



## Leiðbeiningar

- Segðu börnunum að þú viljir fá að heyra álit þeirra á nokkrum mikilvægum málum. Segðu þeim að þú munir lesa upp staðhæfingu og þau eigi hvert fyrir sig að ákveða hvort þau séu sammála henni eða ósammála og staðsetja sig síðan í þeim hluta stofunnar sem við á samkvæmt skiltinu. Markmiðið er að fá hin börnin til að skipta um skoðun og afstöðu.
  - Enginn má tala fyrr en allir eru búnir að taka sér stöðu.
  - Því meira sem einhver er sammála eða ósammála staðhæfingunni því fjær miðju stofunnar tekur hann sér stöðu.
  - Enginn má standa á miðjúlínunni en ef einhver getur ekki ákveðið sig, eða einhver spurning ruglar hann í ríminu, má hann standa öðrum hvorum megin við hana.
- Sýndu börnunum fyrstu staðhæfinguna og lestu hana upp. Segðu þeim síðan að mynda sér skoðun og taka sér stöðu.
- Bíddu þar til allir eru búnir að taka sér stöðu. Spyrðu síðan einhverja beggja vegna línunnar hvers vegna þeir hafi þessa afstöðu. Leyfðu þeim að ræða um skoðanir sínar. Fáðu sem flest barnanna til að segja álit sitt.
- Eftir að hafa gefið börnunum nægan tíma til umræðna skaltu leyfa þeim sem vilja að færa sig um set. Ef einhver þeirra nota tækifærið til að færa sig skaltu spyrja þau hvað fékk þau til að skipta um skoðun. Endurtaktu þetta ferli eftir hverja staðhæfingu.

## Samantekt og mat

- Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - Hvernig fannst ykkur þetta verkefni?
  - Var í einhverjum tilvikum erfitt að velja sér stöðu? Hvaða tilvikum?

Heimild: Unnið upp úr The European Convention on Human Rights, Standpoints for Teachers, Mark Taylor, Evrópuráðið, 2002.





- c. Færðuð þið ykkur einhvern tíma um set? Hvað fékk ykkur til að gera það?
  - d. Voru einhverjar staðhæfingar flóknari en aðrar?
  - e. Eruð þið enn í vafa um einhverjar staðhæfingar?
  - f. Viljið þið ræða meira um einhver mállefni?
  - g. Komust þið að einhverju nýju í þessu verkefni? Ef svo er, hverju?
2. Tengdu verkefnið réttinum til þátttöku með því að spyrja spurninga á borð við:
- a. Komuð þið auga á eitthvert sambengi milli þessara spurninga?
  - b. Getið þið verið með í að taka ákvarðanir með fjölskyldunni? Í bekknum ykkar eða skólanum? Í samfélaginu? Við einhverjar aðrar aðstæður í lífinu?
  - c. Bentu þeim á að þátttaka sé mikilvægur réttur allra barna, og lestu 12. grein Barnasáttmálans fyrir þau. Getið þið látið ykkur detta í hug að taka þátt á einhverju nýju sviði?
  - d. Hvers vegna haldið þið að rétturinn til þátttöku sé börnum mikilvægur?

### Tillögur um framhald

- Að umræðum loknum skaltu skipta börnunum í þriggja eða fjögurra manna hópa og láta hvern hóp fá ljósrit af staðhæfingunum sem fjallað var um í verkefninu. Segðu þeim að endursegja staðhæfingararnar á þann hátt sem allir í hverjum hópi geta verið sammála um. Berðu saman endursagnirnar.
- Í verkefninum „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, eða „Hvert atkvæði skiptir máli“, bls. 107, er lögð áhersla á virka þátttöku í lýðræðislegu ferli.

### Hugmyndir um aðgerðir

- Hvettu börnin til að taka virkan þátt í einhverju, t.d. til að gera skýra grein fyrir viðhorfum sínum í skólanum eða í hópstarfi, skrifa bréf til stjórnmalamanna um mállefni sem þau varða innan sveitarfélagsins.
- Segðu börnunum að skrifa greinar og segja skoðun sína á aðstæðum sem þau varða (t.d. fjölskyldumálum, félagasamtökum, bekknum, skólanum, hverfinu). Gefið þær út í dagblaðsformi fyrir hópinn eða setjið þær upp á tilkynningatöflu.

### Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Gættu þess að öll börnin, líka þau hlédrægustu, eigi möguleika á að láta álit sitt í ljós. Þú gætir hvatt þau börn sem minnst fer fyrir til að segja skoðanir sínar.
- Takmarka ætti umræðutíma um hverja staðhæfingu svo að verkefnið dragist ekki á langinn.
- Til að halda börnunum við efnið skaltu fá þau til að teygja úr sér eða gera æfingar í smástund milli spurninga.

### Breyting vegna elstu barnanna

Hafðu skoðanamyndunina stigskiptari (t.d. algjörlega sammála, frekar sammála, algjörlega ósammála, frekar ósammála).

### Tilbrigði

- Settu fram staðhæfingar sem snerta aðstæður barnanna og þau þekkja.
- Settu fram staðhæfingar sem snerta réttindamál allra barna (t.d. réttinn til félagafrælsis, jafnréttis, upplýsinga, umhverfis, fjölskyldu og annarra umsjáraðila).



## DÆMI UM STAÐHÆFINGAR

- Öll börn, jafnvel þau yngstu, eiga rétt á að segja skoðun sína á málum sem þau varða.
- Börn eiga ekki rétt á að taka þátt í ákvarðanatökum innan fjölskyldunnar. Foreldrarnir vita hvað er börnunum fyrir bestu.
- Það getur verið börnum hættulegt að segja álit sitt á skólamálum.
- Aðeins ófeimin eða eldri börn geta verið með í ákvarðanatökum.
- Öll börn hafa sama rétt til að sitja skólapingið/vera í nemendaráði.
- Börn sem hafa komist í kast við lögin glata rétti sínum til að taka þátt í öllu ákvarðanaferli.
- Ekki hafa öll börn sama þátttökurétt. Fátæk börn geta ekki verið eins virkir þátttakendur og önnur börn.
- Að vera virkur þátttakandi í skólalífinu merkir að tala mikið í kennslustundum.
- Hafi foreldrarnir slitið sambúð sinni eða skilið eiga börnin rétt á að tjá skoðanir sínar í hinu lagalega ferli.

